

Hafnarfjarðarbær  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 20. september 2019  
UST201909-155/H.H.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi – salernishús í Seltúni**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Hafnarfjarðarbæjar, dagsett 12. september 2019, um salernishús í Seltúni í Reykjanesskagnum.

Reykjanesskagur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

#### **Lýsing verkefnis:**

Setja á upp salernishús í Seltúni. Setja þarf upp undirstöður fyrir húsið og kemur ein vél og þrír starfsmenn að framkvæmdinni. Hellulagt verður í kringum húsið og gerð tenging við bílastæði. Húsið kemur á staðin tilbúið og sett á undirstöður og að því loknu gegnið frá tengingum. Salernishúsið verður staðsett hliðiná núverandi salerni. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin fari fram í lok október.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðis þar sem staðsetning salernis er við bílastæði, hliðina á núverandi salerni. Gestir gætu orðið fyrir einhverri truflun á meðan framkvæmdir standa yfir en gestum fer fækkandi með hausinu og hægt er að leggja bíum hinum megin við bílastæði.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Hafnarfjarðarbæ fyrir sitt leyfi fyrir uppsetningu á salerni innan Reykjanesskagnum sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sýclarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.

- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal þess að framkvæmdin sé í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Óheimilt er að raska votlendi vegna framkvæmdarinnar.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægt.
- Æskilegt er að framkvæmdir séu kláraðar fyrir veturinn.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

**Leyfisgjald:**


Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

  
Hildur Hafbergsdóttir  
sérfræðingur

  
René Biasone  
sérfræðingur